

1979 nr. 41 1. júní**Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn****I. Landhelgi.**

■ **1. gr.** Landhelgi Íslands skal afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4	n.br.,	22°24'3	v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08'1	–	20°11'0	–
3. Siglunes	66°11'9	–	18°49'9	–
4. Flatey	66°10'3	–	17°50'3	–
5. Lágey	66°17'8	–	17°06'8	–
6. Rauðinúpur	66°30'7	–	16°32'4	–
7. Rifstangi	66°32'3	–	16°11'8	–
8. Hraunhafnartangi	66°32'2	–	16°01'5	–
9. Langanes	66°22'7	–	14°31'9	–
10. Glettinganes	65°30'5	–	13°36'3	–
11. Norðfjarðarhorn	65°10'0	–	13°30'8	–
12. Gerpir	65°04'7	–	13°29'6	–
13. Hólmur	64°58'9	–	13°30'6	–
14. Setusker	64°57'7	–	13°31'5	–
15. Pursasker	64°54'1	–	13°36'8	–
16. Ystiboði	64°35'2	–	14°01'5	–
17. Selsker	64°32'8	–	14°07'0	–
18. Hvítningar	64°23'9	–	14°28'0	–
19. Stokksnes	64°14'1	–	14°58'4	–
20. Hrollaugseyjar	64°01'7	–	15°58'7	–
21. Tvísker	63°55'7	–	16°11'3	–
22. Ingólfshöfði	63°47'8	–	16°38'5	–
23. Hvalsíki	63°44'1	–	17°33'5	–
24. Meðallandssandur I	63°32'4	–	17°55'6	–
25. Meðallandssandur II	63°30'6	–	17°59'9	–
26. Mýrnatangi	63°27'4	–	18°11'8	–
27. Kötlutangi	63°23'4	–	18°42'8	–
28. Lundadrangur	63°23'5	–	19°07'5	–
29. Surtsey	63°17'7	–	20°36'2	–
30. Eldeyjardrangur	63°43'8	–	22°59'4	–
31. Geirfugladrangur	63°40'7	–	23°17'1	–
32. Skálasnagi	64°51'3	–	24°02'5	–
33. Bjargtangar	65°30'2	–	24°32'1	–
34. Kópanes	65°48'4	–	24°06'0	–
35. Barði	66°03'7	–	23°47'4	–
36. Straumnes	66°25'7	–	23°08'4	–
37. Kögur	66°28'3	–	22°55'5	–
38. Horn	66°27'9	–	22°28'2	–

Landhelgin skal auk þess afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumfjöruborði Kolbeinseyjar (67°08'9 n.br., 18°41'3 v.lg.), Hvalbaks (64°35'8 n.br., 13°16'6 v.lg.) og ystu annesja og skerja Grímseyjar.

□ Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

■ **2. gr.** Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni.

□ Framkvæmd fullveldisréttarinnar fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga.

II. Efnahagslögsaga.

■ **3. gr.** Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílur frá grunnlínu landhelginnar, sbr. þó 7. gr.

■ **4. gr.** Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland:

a. fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindi,

b. lögsögu að því er varðar:

i. byggingu mannvirkja og afnot af þeim,

ii. vísindalegar rannsóknir,

iii. verndun hafsins,

c. önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

□ Framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skal vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

III. Landgrunn.

■ **5. gr.** Landgrunn Íslands nær til hafsbotsins og neðan-sjávarsvæða utan landhelgi, sem eru framlenging landssvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr.

■ **6. gr.** Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu tekur til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotninn.

□ Stjórnvöld setja reglur¹⁾ um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnins.

¹⁾ Rg. 196/1985 (afmörkun landgrunnins).

IV. Afmörkun svæða milli landa.

■ **7. gr.** Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunn milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slíkir samningar háðir samþykki Alþingis.

□ Þar til annað verður ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðuð við 200 sjómílur frá grunnlínu landhelginnar að því undanskildu þó að þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.

V. Ráðstafanir gegn mengun.

■ **8. gr.** Skyld er að forðast allt það sem getur mengað eða á annan hátt spillt hafinu.

□ Íslensk stjórnvöld skulu samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum.

VI. Vísindalegar rannsóknir.

■ **9. gr.** Vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skulu háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

□ Að því er varðar rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunninu skal slíkt samþykki að jafnaði veitt, ef umsókn kemur frá erlendu ríki eða hlutaðeigandi milliríkja-stofnun, enda sé um að ræða friðsamlega viðleitni til að efla þekkingu á umhverfi sjávar. Hafna má beiðni, meðal annars, ef hún:

a. stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífrænum eða ólífrænum auðlindum,

b. hefur í för með sér boranir á landgrunninu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið,

c. leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

■ **10. gr.** Umsókn um leyfi til rannsókna skv. 9. gr. skal lögð fram eigi síðar en sex mánuðum áður en rannsókn hefst og skulu henni fylgja nákvæmar upplýsingar varðandi:

- a. eðli og markmið rannsókna,
- b. rannsóknaraðferð, þ. á m. nafn, stærð, tegund og gerð skipa og lýsingu á rannsóknartækjum,
- c. nákvæma staðsetningu svæða, sem rannsaka á,

d. upphaf og lok rannsóknatímabils,

e. nafn stofnunar, sem að rannsóknum stendur, nafn forstjóra hennar og framkvæmdastjóra rannsóknaleiðangurs.

f. fyrirhugaða þátttöku íslenskra stjórnvalda í rannsókn-um.

□ Íslensk stjórnvöld skulu tilkynna afstöðu sína til umsóknarinnar innan fjögurra mánaða, ef umsókn er hafnað.

VII. Ýmis ákvæði.

■ **11. gr.** Brot á lögum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

■ **12. gr.** . . .